

Ed.
um Bjargráðasjóð Íslands.

149. Frumvarp til laga

[85. mál]

(Eftir 2. umr. í Ed., 21. nóv.)

1. gr.

Bjargráðasjóður er allsherjarsjóður fyrir alla landsmenn til hjálpar í hallæri eða til að afstýra því.

Það er hallæri, ef sveitarfélög verða af náttúruvöldum svo illa stödd, að þau megna ekki af eigin rammleik að forða mönnum eða skepnum frá harðrétti eða felli.

2. gr.

Árlegar tekjur bjargráðasjóðs eru þessar:

- a. Framlag sveitarfélaga, er skal vera 5 krónur fyrir hvern meðlim sveitarfélagsins, samkvæmt íbúaskrá þjóðskrárinnar 1. des. næsta ár á undan.
- b. Framlag ríkissjóðs, er nemur 5 krónum fyrir hvern mann, samkvæmt íbúaskrá þjóðskrárinnar 1. des. næsta ár á undan.
- c. Vextir af fé sjóðsins.

3. gr.

Stjórn sjóðsins, er nefnist bjargráðastjórn, skipa ráðuneytisstjórinn í félagsmálaráðuneytinu, sem er formaður stjórnarinnar, formaður Búnaðarfélags Íslands, forseti Fiskifélags Íslands og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Ráðherra ákveður þóknun stjórnarinnar, sem greiðist úr sjóðnum.

4. gr.

Bjargráðastjórn hefur á hendi alla stjórn sjóðsins, reikningshald hans og annað það, er sjóðinn varðar. Rétt er stjórninni að ráða framkvæmdastjóra, sem annast þá í umboði stjórnarinnar allt reikningshald og daglega afgreiðslu á vegum sjóðsins.

Bjargráðastjórn skal vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um ráðstafanir, sem miða að því að afstýra hallæri.

5. gr.

Ársreikningar sjóðsins skulu fullgerðir fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert. Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins og endurskoðendur ríkisreikninganna skulu endurskoða reikningana án sérstaks endurgjalds frá sjóðnum, og skal þeirri endurskoðun vera lokið fyrir 30. apríl ár hvert.

Reikninga sjóðsins skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

6. gr.

Sveitarstjórn skal lúka framlagi til bjargráðasjóðs, sbr. 2. gr. a., á manntalsþingum. Sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík tollstjóri) innheimta gjaldið og skila því til sjóðsins eigi síðar en 1. október ár hvert.

Framlag ríkissjóðs, sbr. 2. gr. b., greiðist sjóðnum fyrir 30. júní ár hvert.

7. gr.

Helmingur þess fjár, sem í sjóðinn rennur, samkvæmt 2. gr. a, skal vera séreign þess kaupstaðar, er framlagið greiddi, eða sýslu vegna þeirra framlaga, sem hreppar sýslunnar hafa greitt, og leggjast vextir af því fé við séreignina. Annað fé sjóðsins, sbr. 2. gr., skal vera sameign allra landsmanna.

Allur kostnaður af starfrækslu sjóðsins greiðist úr sameignarsjóði.

8. gr.

Ef hallæri ber að höndum, á hvert sýslu- og bæjarfélag tilkall til séreignar sinnar í sjóðnum til útbýtingar samkvæmt reglum, sem sýslunefnd eða bæjarstjórn hefur samþykkt þar um, enda samþykki ráðherra slíka ráðstöfun, að fengnu álitni bjargráðastjórnar. Skýrslu um úthlutun þessa skal viðkomandi sýslunefnd eða bæjarstjórn senda stjórn bjargráðasjóðs þegar að úthlutun lokinni.

Ef haustbirgðir reynast svo litlar í einhverju héraði, að hætta er við bjargar-skorti fyrir menn eða skepnur, ef illa vetrar, þá má sýslunefnd eða bæjarstjórn með samþykki bjargráðastjórnar nota séreign sína í sjóðnum til að kaupa eða tryggja varaforða, en það fé, sem þannig er notað, skal greiða aftur að fullu, en vaxtalaust, í bjargráðasjóðinn á ársfresti, nema því verði ráðstafað samkvæmt 1. málsg. þessarar greinar.

9. gr.

Bjargráðastjórn er heimilt:

- a. að veita sveitarfélögum og sýslufélögum styrk eða lán út sjóðnum, ef um er að ræða hallæri í sveitarfélaginu eða sýslunni vegna óvenjulegra harðinda, langvarandi aflaleysis eða vegna tjóns af náttúruvöldum á mannvirkjum eða búfé, enda hafi ekki verið vátryggt fyrir tjóninu.
- b. að veita einstaklingum, sem fyrir tjóni hafa orðið af náttúruvöldum, styrk eða lán úr sjóðnum, enda hafi ekki verið vátryggt fyrir tjóninu. Lán skal tryggt með ábyrgð sveitarfélags eða annarri öruggri tryggingu.

Ef handbært fé sjóðsins verður meira en ætla má nauðsynlegt til greiðslu styrkja eða lána, samkvæmt a- og b-lið þessarar greinar, er stjórn sjóðsins heimilt að veita sveitarfélögum eða fyrirtækjum þeirra og sýslufélögum lán gegn ábyrgð ríkissjóðs eða annarri öruggri tryggingu.

10. gr.

Fé bjargráðasjóðs, sem ekki hefur verið ráðstafað samkvæmt 8. og 9. gr. laga þessara, skal ávaxtað í banka með ríkisábyrgð.

11. gr.

Sá, sem óskar láns eða styrks úr bjargráðasjóði, samkvæmt 9. gr. a—b, skal senda sjóðstjórninni svo glöggar skýrslur sem kostur er á um tjón það, sem bæta skal. Bjargráðastjórn getur krafizt upplýsinga varðandi slíkar beiðnir frá þeim aðilum, sem slíkar upplýsingar geta veitt, og er þeim skylt að veita þær, svo sem föng eru á.

12. gr.

Nú hrekkur fé sjóðsins eigi til þess að veita þá aðstoð, sem nauðsyn krefur, sbr. 9. gr. a—b, og er þá ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast nauðsynleg lán fyrir sjóðinn eða veita honum lán úr ríkissjóði.

Tryggja má slík lán með veði í eignum og tekjum sjóðsins.

13. gr.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum bjargráðastjórnar, reglugerð um rekstur sjóðsins og starfrækslu.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1961. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 19 2. marz 1950, um Bjargráðasjóð Íslands.